

# One Super Tech

## Nanáakrýl

### Efnislýsing

One Super Tech er sjálfhreinsandi vatnsþynnannleg akrýlmálning til notkunar á tréverk. Vegna einstakra eiginleika málningarinnar, sem byggir á nanó-tækni, helst hinn málaði flötur hreinn þar sem regnvatn tekur með sér óhreinindi af honum. One Super Tech er afar vel þekjandi málning sem gefur jafnt yfirborð og heldur lit sínum vel. Ef One Super Tech málningin er notuð samhliða Tinova Wood Base Oil og Tinova Primer Exterior endist málningin upp undir 16 ár við eðlilegar aðstæður. One Super Tech hentar einnig á litaðar klæðningar, grunnmálað bárujárn og steinsteypa fleti utanhúss.

### Meðhöndlun

Flöturinn sem mála skal þarf að vera hreinn og þurr (hámark 16% raki).

#### Nýmálun

1. Fúaverjið með Tinova Wood Base Oil og berið sérlega vel á endatré og aðra gljúpa fleti. Notið olíuna á allt tréverkið sem mála skal.
2. Grunnið allan flötinn með Tinova Primer Exterior.
3. Málið yfir tvisvar sinnum með One Super Tech.

#### Endurmálun

1. Þvoið flötinn með Original Málartvätt. Ef mygla eða annar gróður hefur myndast á fletinum skal þvo hann með Original Hustvätt. Skolið vel eftir á með miklu vatni. Látið flötinn þorna vel fyrir málun.
2. Alla gamla og lausa málningu skal fjarlægja. Gljáandi fleti skal slípa matta með sandpappír til að tryggja góða viðloðun. Fúa eða gráma í tré skal fjarlægja uns komið er í eðlilegan viðarlit.
3. Hreinan beran við (þar sem málning hefur flagnað af) skal fúaverja fyrst með Tinova Wood Base Oil. Grunnið síðan með Tinova Primer Exterior.
4. Málið yfir tvisvar sinnum með One Super Tech.

Þar sem einungis þarf að yfirmála er nóg að þrifa vel og þússa með sandpappír þar sem við á og mála eina til tvær umferðir af One Super Tech. Þó getur þurft að grunna fyrst með Tinova Primer Exterior en það fer eftir ástandi flatarins.

#### Annað

Hrærið vel í málningarfötunni áður en málað er. Ekki mála ef sólskin skín beint á flötinn eða ef hættu er á rigningu eða daggarmyndun næstu klukkutímana eftir málun.

### Heilsufars- og umhverfismál

Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Ekki hella málningarleifum og hreinsiefnum í niðurföll. Tónum umbúðum og hreinsiefnaleifum skal skila til endurvinnslustöðva. Sjá frekari upplýsingar á öryggisblaði.



### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Utanhúss

**Tegund:** Akryl

**Gljástig:** 30% eða hálfmatt

**Þurrktími:** Við 23°C/50% raka, 1 klst.

**Yfirmálun:** 2 klst.

**Hiti við málun:** Minnst +5°C, mest +25°C

**Rakastig:** 40-80%, kjörakastig 65%

**Þynning:** Vatn

**Verkfæri:** Penslar, rúllur, málningarsprautur

**Þekja nýmálun:** 4-6 fermetrar pr. lítra

**Þekja endurmálun:** 6-8 fermetrar pr. lítra

**Pakkningar:** 1, 2,5 og 10 lítra dósir

**Stofnar:** BW, BM og BC og svartur

**Hreinsun:** Sápuvatn

**Geymsla:** Í frostfríu rými

**Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. A/d) 130 g/l):**

Inniheldur mest 15 g/l.

Þessi lýsing á við hvítan lit. Gildin geta verið önnur fyrir aðra líti.

#### Umhverfi

One Super Tech uppfyllir staðla Blómsins og Svansins, sem eru umhverfismerki

Evrópusambandsins og Norrænu ráðherra-nefndarinnar. Sjá nánari upplýsingar á

[www.nordic-ecolabel.org](http://www.nordic-ecolabel.org). Efnid er einnig

merkt FSC, sem vottar um samstarf og aðild að stjórnun skóga með sjálfbærum hætti.

